

197  
23. nóv.

## AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanefndar.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanefndar út af tekju- og eignarskatti, álgðum í Reykjavík, vera 14 dagar frá dagsetningu úrskurðar yfirskattanefndar Reykjavíkur.

*Fjármálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Björn Hermannsson.*

198  
23. nóv.

## AUGLÝSING

um breytingu á lyfjaverði samkvæmt lyfsöluskrá I.

Frá og með 28. nóvember 1960 hækkar verð á lyfjum samkvæmt lyfsöluskrá I, sem tók gildi 15. september 1959, þannig að 20% álag á lyfsöluskrárverðið, sem ákveðið var frá og með 1. maí 1960, verður nú 32%. Enn fremur er heimilt að taka sérstakt gjald, kr. 2.00, fyrir hverja afgreiðslu lyfja í lausasölu samkvæmt lyfsöluskrá I frá og með 28. nóvember 1960.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

199  
23. nóv.

## SAMÞYKKT

um takmörk verzlunarlóðar við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Garðahrepps hefur með samþykki sýslunefndar ákveðið takmörk verzlunarlóðar við Arnarnesvog, sem hér segir:

Frá mörkum Kópavogskaupstaðar og Garðahrepps við sjóinn, meðfram strandlengjunni að Gálgahrauni og meðfram austur- og norðurbrúnum Gálgahrauns og Garðahrauns í Engidal að vörðu á hraunbrúninni við Hafnarfjarðarveg. Þaðan bein lína í Hádegishól. Þaðan bein lína í markalínu Hofsstæða og Silfurtúns þar sem hún kemur að Vífilsstaðavegi. Síðan eftir þeim mörkum að Arnarneslæk. Þá meðfram Arnarneslæk að Hafnarfjarðarvegi og meðfram honum að mörkum Kópavogskaupstaðar og Garðahrepps. Þá meðfram þeim mörkum til sjávar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.